

# ÁKÆRA

Héraðssaksóknari gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur

Geirmundi Kristinssyni, kt. 090244-3889, Baldursgarði 6, Reykjanesbæ.

## I

Fyrir umboðssvik, með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Keflavíkur, kt. 610269-3389 og stefnt fé sparisjóðsins í verulega hættu, þegar hann fór út fyrir heimildir til lánveitinga með því að veita einkahlutafélaginu Duggi, kt. 680308-0630, þann 16. júní 2008, 100.000.000 króna lán í formi yfirdráttar á reikningi félagsins hjá sparisjóðnum nr. 1109-26-008940, án þess að afstaða lánanefndar sparisjóðsins lægi fyrir, án þess að áhættu- og greiðslumat færi fram og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð með nokkrum hætti. Sama dag var lánsfjárhæðinni ráðstafað inn á annan reikning félagsins nr. 1109-15-590069 hjá sparisjóðnum.

Þann 18. júní 2008 var fjárhæðinni ráðstafað inn á reikning Duggs ehf. nr. 1100-15-550181, hjá Icebank hf. Sama dag tók Icebank hf. handveð í fyrrgreindum reikningi félagsins hjá bankanum, ásamt allri innistæðu reikningsins eins og hún var á hverjum tíma, fyrir öllum skuldum og skuldbindingum Suðurnesjamanna ehf., kt. 630407-1250, gagnvart Icebank hf. Þann 22. september 2008 tilkynnti Icebank hf. um ráðstöfun handveðsettra fjármuna. Var gengið að allri innistæðu reiknings Duggs ehf. hjá bankanum til greiðslu á skuld Suðurnesjamanna ehf. við Icebank hf.

Yfirdráttarlánið var upphaflega veitt til eins mánaðar og var á gjalddaga 16. júlí 2008.

Þann 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins, vék stjórn sjóðsins frá og skipaði í framhaldinu skilanefnd yfir sparisjóðnum. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fól einnig í sér að allar eignir og skuldbindingar sparisjóðsins voru færðar í nýtt félag, Spkef sparisjóð, sem var í eigu Bankasýslu ríkisins. Með ákvörðun 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs. Ákvörðunin fól í sér að NBI hf. tæki í einu lagi við rekstri, eignum og skuldbindingum á Spkef sparisjóðnum. Um var að ræða samruna án skuldaskila. Spkef sparisjóðurinn var því sameinaður NBI hf. með yfirtöku eigna og skulda.

NBI hf., nú Landsbankinn hf., afskrifaði kröfuna í júlí 2015 vegna gjaldþrots Duggs ehf. Ekkert fékkst greitt upp í kröfur bankans í kjölfar gjaldþrotsins og er krafan því Landsbankanum að fullu glötuð.

## II


Fyrir umboðssvik, með því að hafa misnotað aðstöðu sína, sem stjórnarformaður dótturfélags sparisjóðsins, einkahlutafélagsins Víkna, kt. 691293-2389, og valdið félaginu verulegri fjártjónshættu, þegar hann framseldi fyrir hönd einkahlutafélagsins stofnfjárbréf í Sparisjóði Keflavíkur, að verðmæti 683.368.783 króna, frá Víkum ehf. til einkahlutafélagsins Fossvogshyls, kt. 531294-2899, í lok árs 2007, án þess að nokkuð endurgjald kæmi fyrir stofnfjárbréfin. Við framsalið eignaðist Víkur ehf. kröfu á Fossvogshyl ehf. sem færði á móti skuld í bókhaldi sínu. Enginn lánasamningur var gerður og ekki gengið frá neinni tryggingu fyrir því að krafan yrði greidd. Samkvæmt skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands voru stofnfjárbréfin skráð á Fossvogshyl ehf. þann 7. mars 2008.

Sama dag og umrædd stofnfjárbréf voru skráð á Fossvogshyl ehf. var félagið framselt frá Deloitte til sonar ákærða, Sverris Geirmundssonar. Í árslok 2009 voru eftirstöðvar kröfunnar, samtals 633.268.783 krónur, færðar í gegnum viðskiptareikning tengdra aðila frá Víkum ehf. yfir í sparisjóðinn sem krafa og þar flokkuð á meðal útlána. Lánveitingin var að fullu afskrifuð í bókhaldi sparisjóðsins þann 31. mars 2010.

Brot ákærða samkvæmt I. og II. kafla ákæru varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofa héraðssaksóknara, Reykjavík, 29. febrúar 2016,



Björn Þorvaldsson, saksóknari